

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 154/2007

frá 7. desember 2007

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og
vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 139/2007 frá 26. október 2007 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/28/EB frá 25. maí 2007 um breytingu á tilteknum viðaukum við tilskipanir ráðsins 86/363/EBE og 90/642/EBE að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir asoxýstróbín, klórphenapýr, fólpet, ípródíón, lambda-sýhalótrín, malínhýdrasíð, metalaxýl-M og trifloxýstróbín ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/29/EB frá 30. maí 2007 um breytingu á tilskipun 96/8/EB að því er varðar merkingu, auglýsingar eða kynningu matvæla sem nota á sem orkusnautt megrunarfæði ⁽³⁾.
- 4) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

XII. kafli II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 39. lið (tilskipun ráðsins 86/363/EBE) og 54. lið (tilskipun ráðsins 90/642/EBE):
„– **32007 L 0028**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/28/EB frá 25. maí 2007 (Stjtið. ESB L 135, 26.5.2007, bls. 6).“
2. Eftirfarandi bætist við í lið 54p (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/8/EB):
„, eins og henni var breytt með:
– **32007 L 0029**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/29/EB frá 30. maí 2007 (Stjtið. ESB L 139, 31.5.2007, bls. 22).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 100, 10.4.2008, bls. 64, og EES-viðbætur nr. 19, 10.4.2008, bls. 67.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 135, 26.5.2007, bls. 6.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 139, 31.5.2007, bls. 22.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipana 2007/28/EB og 2007/29/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 8. desember 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. desember 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.